

Borgarráð

Breytingartillaga við viðaukatillögu um aðgerðir í starfsmannamálum á leikskólum

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi breytingartillögu við viðaukatillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram í borgarráði 5. október 2017:

Eftirfarandi liður bætist við áður samþykktar tillögur borgarstjóra um aðgerðir í starfsmannamálum á leikskólum sem samþykktar voru í borgarráði þann 5. október sl.

1. Eingreiðsla til leikskólakennara og annarra starfsmanna leikskóla, allt að kr. 27.300.000.

Greinargerð:

Á síðasta fundi borgarráðs, þann 5. október 2017, var lögð fram viðaukatillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins við hjálagðar tillögur borgarstjóra um aðgerðir í starfsmannamálum á leikskólum. Fjárhæðin í þessari breytingartillögu borgarstjóra er áætluð hærri en gert var ráð fyrir í viðaukatillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins auk þess að þar sem rýning á því hvernig hún snýr að stöðu mála í einkareknum leikskólum er ekki lokið er bætt við orðalaginu allt að.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillaga vegna aðgerða í starfsmannamálum á leikskólum, samþykkt í borgarráði þ. 5. október 2017.
Umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. október 2017.

Borgarráð

Aðgerðir í starfsmannamálum í leikskólum

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirtalin atriði er varða aðgerðir í starfsmannamálum til að mæta manneklu og efla mannauð á leikskólum og varða ráðstöfun fjármuna innan ramma skóla- og frístundasviðs:

1. Fjármagn til heilsueflingar. kr. 5.715.000.
2. Fjármagn til að mæta auknu álagi og bæta liðsanda. kr. 14.287.500.
3. Undirbúningur tekinn í yfirvinnu. kr. 57.275.803.
4. Fjölgun starfsmannafunda. kr. 33.078.420.
5. Eingreiðsla til stjórnenda. kr. 11.960.000.
6. Ímyndarvinna og kynningarstarf leikskóla í manneklu. kr. 5.000.000.
7. Leita í raðir starfsmanna sem hafa látið af störfum, án kostnaðarauka.
8. Viðbragðsferill vegna leikskóla í mönnunarvanda, án kostnaðarauka.

Greinargerð:

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. september sl. var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. september 2017, um aðgerðir til að mæta manneklu og efla mannauð í leikskólum. Skóla- og frístundaráð lagði til framangreinda málsmeðferð á tillögum aðgerðateymis vegna manneklu í leikskólum.

Tillagan rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs og mun ákveðnum tillögum í aðgerðaráætlun vera vísað til starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara til frekari meðferðar og úrvinnslu. Þá hefur eftirtöldum tillögum verið vísað til kjaradeildar og mannauðsdeildar borgarinnar til frekari meðferðar og úrvinnslu:

1. Miðlæg afleysingarþjónusta.
2. Gera störf aðstoðarleikskólakennara og deildarstjóra eftirsóknarverðari.
3. Stytting vinnuviku.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs til borgarráðs, dags. 28. september 2017.

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. september 2017.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Málar: 217090049
Skjalasafn Ráðhuss
10. okt. 2017
Bréfalykill: 1300

Reykjavík, 6. október 2017
SFS2017090126
1.1

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Umsögn um viðaukatillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins við tillögu um aðgerðir í starfsmannamálum á leikskólum varðandi eingreiðslu til leikskólakennara og annarra starfsmanna leikskóla, kr. 21.400.000. - R17090049

Á 124. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 13. september 2017 var lögð fram tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Pírata um að setja af stað teymi til að bregðast við manneklu í leikskólum. Teymið var skipað fulltrúum fagskrifstofu leikskólamála, mannauðsdeildar, fjármáladeildar og tveimur leikskólastjórum.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 27. september 2017 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra, dags. 27. september 2017, um aðgerðir til að mæta manneklu og efla mannauð á leikskólum með 23 tillögum aðgerðateymis. Samþykkti skóla- og frístundaráð að vísa tillögunum til borgarráðs.

Á fundi borgarráðs þann 5. október 2017 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra samþykkt:

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirtalin atriði er varða aðgerðir í starfsmannamálum til að mæta manneklu og efla mannauð á leikskólum og varða ráðstöfun fjármuna innan ramma skóla- og frístundasviðs: 1. fjármagn til heilsueflingar, kr. 5.715.000, 2. fjármagn til að mæta auknu álagi og bæta liðsanda, kr. 14.287.500, 3. undirbúningur tekinn í yfirvinnu, kr. 57.275.803, 4. fjölgun starfsmannafunda, kr. 33.078.420, 5. eingreiðsla til stjórnenda, kr. 11.960.000, 6. ímyndarvinna og kynningarstarf leikskóla í manneklu, kr. 5.000.000, 7. leita í raðir starfsmanna sem hafa látið af störfum, án kostnaðarauka, 8. viðbragðsferill vegna leikskóla í mönnunarvanda, án kostnaðarauka.

Á fundi borgarráðs lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokks fram svohljóðandi viðaukatillögu við ofangreinda tillögu:

Lagt er til að eftirfarandi liður bætist við: Eingreiðsla til leikskólakennara og annarra starfsmanna leikskóla, kr. 21.400.000.

Viðaukatillögunni var með bréfi dags. 5. október 2017 vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundasvið styður tillöguna. Þó svo að álag hafi sannarlega mætt mest á stjórnendum leikskóla og deildarstjórum er óhætt að segja að aðrir starfsmenn leikskóla hafi einnig orðið fyrir auknu álagi í starfi og þakkarvert hvað þeir hafa sýnt mikla ósérhlífni í störfum og gert allt sem í þeirra valdi stendur til að þjónusta við börn og foreldra sé góð og fagleg.



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Aðgerðir í starfsmannamálum á leikskólum

Vísað er til bréfs skóla- og frístundasviðs, dags. 28. september 2017, þar sem fram kemur að skóla- og frístundaráð hafi samþykkt og vísað til borgarráðs tillögum varðandi aðgerðir til að mæta manneklum og efla mannauð á leikskólum. Rétt er að tillögunum var vísað til borgarráðs. Framangreindu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs